

Snjóleysing mæld hjá stöngum.

Lagt upp frá Fljótsdal í Fljótshlíð kl. 9³⁰ hinn 5. júlí, 1954 og komið að Fljótsdal aftur eftir 11 tíma göngu.

Engan mann gat ég fengið með mér á jökulinn, svo að ég fór einn.

Leitað var árangurslaust að snjómælingataekjum, sem brezku stúdentarnir skildu eftir á fjallsröölinum, 1305 m.

Þar sem tækin fundust ekki, var ekki hægt að mæla eðlisþyngd snævarins.

Þrjár stangir fundust.

1. Stöng í skarðinu austan við rööulinn 1305 m. Þegar komið var að stönginni voru 405 cm upp úr snjó og 122 cm niður í snjó.

Þegar gengið var frá stönginni voru 250 cm upp úr snjó.

Stöngin virtist standa á föstu íslagi.

2. Stöng sunnan við miðjan jökul í líkri hæð og stöng nr. 1 hér að framan, en þá sennilega eitthvað lægra y.s.

Stefnur frá stönginni eru þessar, réttvísandi.

Hátindur (1462) 107°

Skarðið (Hlíðarendi) 207°

Rööullinn (1305 m) 240°

Þegar komið var að stönginni voru 215 cm upp úr snjó og 90 cm niður í snjó.

Frágengin var stöngin þannig 148 cm upp úr, stóð á hörðum ís, (íslagi).

3. Neðsta stöngin á jöklínunum, í tungunni sunnan við mel- og urðarhrygginn. Stöngin var um 10 m ofan við stóran vikurflekk. Þegar komið var að stönginni voru 377 cm upp úr snjó og 37 cm niður í snjó.

Skornir voru 55 cm af stönginni. Frágengin var hún með
268 cm upp úr snjó og þá 96 cm niður í snjó, á ís.

Fleiri stangir fundust ekki, engin aluminiumstöng.
Veður var bjart til kl. 17, en þá lagðist þoka skyndilega
yfir jökulinn og leit að stöngum var þar með sjálfhætt.

· Reykjavík, 6. júlí 1954